



Kostir:

- Mikið slit- og höggþol.
- Samskeytalaust, auðvelt að þrifa.
- Bætir umhverfi á vinnustað.
- Hálkúfrítt.
- Mikið efnaþol.
- Mengar ekki matvæli, hvorki við lögn né eftir á.

Notkunarmöguleikar:

5000 GÓLF er fyrir svæði þar sem álag er mikið, svo sem í fiskimóttökum, sláturhúsum, kjötvinnslum, verkstaðum o.fl. 5000 GÓLF er hægt að leggja í kverkar sem húlkíl.

Efnislýsing:

5000 GÓLF er þriggja þátta epoxy fjölliðuefni sem lagt er 4 mm þykkt. Það samanstendur af lituðu leysiefnalaus epoxy bindiefni og ýmist kvartssandi eða áloxíð fylliefnum. Áloxíð (Dynagrip) er með hörkuna 9 á Mohe scala, næst á eftir demanti að hörku.

Ef undirbúningur er tekin með samanstendur 5000 GÓLF efni af eftirfarandi þáttum:

1. Tveggja þátta epoxy grunnur sem ætlaður er fyrir undirlag sem hefur verið demantsslípað eða blastrac hreinsað.
2. 5000 epoxy bindiefni, litað með epoxy litapöstu.
3. Kvartssandur eða áloxíð sem fylliefni, en kornastærð ræður miklu í áferð.

5000 GÓLF fæst í fjórum staðallitum: grátt, blátt, grænt eða gult með misgrófri áferð.

Dæmi um eiginleika:

Eiginleikar 5000 GÓLF efna hafa verið rannsakaðir og þá miðað við 20°C hitastig. Niðurstöður urðu eftirfarandi styrkur:

- brotþolsstyrkur 88N/mm²*
- beygjuþolsstyrkur 30N/mm²*
- togþolsstyrkur - meira en steypu
- fjaðurstuðull ca 12222 N/mm²*
- hitaþensla við 20 - 50 °C u.þ.b. 56x10-6/C
- algerlega raka- og vatnsgufuþétt.
(DIN 1164 / NS 3104)

Hörðunartími:

- gangandi umferð : 24 klst.
- flest umferð : 48 klst.
- fullt álag : 7 dagar.

Til athugunar:

5000 GÓLF er háglansandi sérstaklega fyrst eftir lögn þess, og glampar því alltaf á gólfefnið þar til það mattast af sjálfu sér og við notkun. Í ljósum litum glittar Dynagrip fylliefnið í gegn, enda nærri svart á lit.

5000 GÓLF þolir hita upp að 60°C

SS Gólf tekur ekki ábyrgð á losi gólfefnisins ef los orsakast af vatnskröftum upp í gegnum steypu.

Vinnsluferli:

Áður en 5000 GÓLF er lagt er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga.

1. Undirlag verður að vera meira en 25N/mm að brotstyrk.
2. Því sléttara og betra undirlag, því sléttara gólfefni
3. Hlutfallsraki verður að vera minni en 80% í yfirborði undirlags.
4. Lofthiti verður að vera meiri en 18°C við gólf meðan á lögn stendur.

Lagning 5000 GÓLF efna er vandasant verk og ætti því einungis að vinnast af sérhæfðum verktökum sem kunna með efnið að fara. SS Gólf er sérhæft fyrirtæki á þessu sviði héraendis og hefur víðtæka reynslu og þekkingu sem tryggir góðan árangur.

Lagning 5000 GÓLF efna samanstendur af eftirfarandi verkliðum:

1. Vanda undirbúning og hreinsun eins og kostur er. Það er grundvöllurinn fyrir góðum árangri.
2. Grunna með epoxy bindiefni og fylla sprungur með epoxy massa.
3. 5000 bindiefnið lagt út og í það stráð fylliefninu.
4. Gólfið sandpappírsslípað, hreinsað og síðan fyllt með lituðu epoxy bindiefni.

Með réttri umhirðu má auka endingu gólfsins til muna.